

AKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 167/2018

2021/EES/13/45

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1851 frá 14. júní 2016 um samþykkt áætlunar um viðhengi fyrir árin 2019, 2020 og 2021 fyrir vinnumarkaðsskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 18a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 577/98):

„**31998 R 0577:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðsskönnunar í Bandalaginu (Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3), eins og henni var breytt með:

- **32002 R 1991:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1991/2002 frá 8. október 2002 (Stjtið. EB L 308, 9.11.2002, bls. 1),
- **32002 R 2104:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002 frá 28. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14),
- **32003 R 2257:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 frá 25. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6),
- **32007 R 1372:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1372/2007 frá 23. október 2007 (Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 42),
- **32014 R 0545:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 545/2014 frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 163, 29.5.2014, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Reglugerð þessi tekur ekki til Liechtenstein.
 - b) Ísland skal undanþegið því að útvega gögnin sem tilgreind eru í viðhenginu sem tekur til ársins 2021.“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18aw (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2236):

„18ax. **32016 R 1851:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1851 frá 14. júní 2016 um samþykkt áætlunar um viðhengi fyrir árin 2019, 2020 og 2021 fyrir vinnumarkaðsskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 284, 20.10.2016, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 284, 20.10.2016, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/1851, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.